

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1977:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Vélskelflett rækja	
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst .....	429.30
2. 24 × 1 lb. blokkfryst .....	477.50
3. 24 × 450 gr. sérfryst .....	447.50
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst .....	447.50
5. 4 × 2.5 kg. sérfryst .....	447.50
6. 2 × 5 kg. sérfryst .....	447.50
7. 4 × 7 kg. sérfryst .....	447.50
8. 1 × 25 lb. sérfryst .....	447.50
9. 15 × 200 gr. sérfryst .....	454.80
10. Í saltlegi .....	429.30

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. janúar 1977.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Pórður Ásgeirsson.*

11. janúar 1977.

Nr. 17.

## AUGLÝSING

um tollverð notaðra bifreiða.

### 1. gr.

Tollverð innfluttra notaðra bifreiða skal fundið samkvæmt meginreglum 5.—7. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum auglýsingar þessarar.

Nú er hið umsamda kaupverð lægra en matsverð skv. 2. gr. auglýsingar þessarar og skal þá leggja það verð til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda sem herra er.

### 2. gr.

Við ákvörðun tollverðs skal leggja til grundvallar fob-verð nýjustu árgerðar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund eins og það er á komudegi þess fars sem flytur viðkomandi bifreið til landsins.

Frá verði samkvæmt 1. mgr. skal heimilt að draga ákveðinn hundraðshluta fyrir hvern aldursmánuð bifreiðar, sbr. 1. mgr. 5. gr., svo sem kveðið er á um í 1. og 2. lið hér á eftir.

1. Bifreiðar sem teljast til tollskrárnúmera 87.01.20, 87.02.29, 87.02.31, 87.02.32, 87.02.35, 87.02.37 og 87.02.28:  
1,2% allt að 40 mánuðum en 48% er hámarksfyrning samkvæmt þessum lið.
2. Bifreiðar sem teljast til tollskrárnúmera 87.02.14, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21, 87.02.33, 87.02.34, 87.02.35, 87.02.41, 87.02.42 og 87.02.49:  
1,5% fyrstu 6 mánuðina.  
1,0% næstu 18 mánuði.  
0,5% eftir það.

Aldrei má þó fyrna meir en svo að eftir standi 10% af því verði sem lagt er til grundvallar.

### 3. gr.

Nú flytur maður búferlum til landsins og hefur með sér frá útlöndum bifreið sem verið hefur í eigu hans í a. m. k. eitt ár og skulu þá gilda sömu reglur og kveðið er á um í 2. gr. auglýsingar þessarar. Fyrning má þó nema 1,5% á mánuði fyrir fyrstu 6 mánuðina og síðan 1% á mánuði en um hámarksfyrningu skal farið svo sem fyrir er mælt í 2. lið 2. gr.

Til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein skal ætíð leggja matsverð en eigi upphaflegt kaupverð.

### 4. gr.

Tollverð notaðra bifreiða erlendra sendiráða eða sendiráðsstarfsmanna sem tollafgreiddar hafa verið skv. 8. fl. 2. gr. tollskrárlaga og seldar eru hérlendis skal fundið samkvæmt 3. gr. en lok fyrningar skal miða við sóludag.

### 5. gr.

Upphaf fyrningar samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar miðast við 1. júlí árgerðarárs viðkomandi bifreiðar en lok fyrningar við komudag flutningsfars til landsins, sbr. þó 4. gr. i. f. Hluta úr mánuði skal sleppt við útreikning fyrningar.

Árgerð bifreiðar skal sönnuð með vottorði útgefnu af opinberum skráningar-aðila í því landi, þar sem bifreiðin var fyrst tekin í notkun, eða á annan þann hátt sem tollyfirvald metur gildan.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari skal hvorki taka tillit til útlits né ástands viðkomandi bifreiðar, sbr. þó 6. grein.

### 6. gr.

Nú verður mati eigi komið við skv. 1. mgr. 2. gr. og skal þá tollyfirvaldi heimilt að láta fara sérstakt mat á viðkomandi bifreið skv. 10. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

### 7. gr.

Ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari er endanlega bindandi og verður eigi skotið til yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

## 8. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 15 1974 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1977.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Dorsteinn Geirsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 17 22. febrúar 1972, um happdrættislán ríkissjóðs 1972, Skuldabréf A, vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.**

## 1. gr.

6. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

## 2. gr.

7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar falli niður.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. l. nr. 99 frá 28. desember 1971 öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 59 18. mars 1974, um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf D, vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, sbr. reglugerð nr. 220 12. júlí 1974 um breyting á þeirri reglugerð.**

## 1. gr.

6. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.